

## Skólaráðsfundur 26.janúar 2022

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Sigríður Halldórsdóttir, Erla Edvardsdóttir, Thelma Huld Víðisdóttir, Hildur Snorradóttir, Eva Ómarsdóttir og Gunnar Jónsson.

### 1. Covidfréttir:

- Breyttar reglur, sóttkví og smitgát nemenda fellur úr gildi. Ekki lengur rakning á vegum skóla, skólar þar af leiðir ekki með neinar upplýsingar um smit í nemendahópnum nema ef foreldrar láti sérstaklega vita. Skólinn heldur ekki utan um upplýsingar lengur og hafa ekki aðgang að þeim eins og áður. Stjórnendur hafa hugsað sér að útbúa bréf til foreldra þar sem þeir eru hvattir til að láta vita um smit innan hópsins t.d. á bekkjarsíðum á facebook. Foreldrum gæti þótt öryggi í því að vita það og geta þá t.d. þeir sem eru viðkvæmir tekið upplýsta ákvörðun um hvort senda eigi barn sitt í skólann.
- Þrífólusettir eða 2+covid geta mætt til vinnu ef nálægð við smitaðan utan heimilis. Ef inn á heimilinu á sama tíma þá sambærilegar reglur og áður.
- Börn á heimili með smituðum – sambærilegar reglur og áður.
- Persónulegar sóttvarnir mikilvægar.
- Næsta áskorun mikið af smitum – hvaða áhrif hefur það á mönnun. Skólastjórnendur munu fá forgangslista barna yngstu nemendur grunnskóla og leikskólabörn.

### 2. Skólalóðin

- Skólalóðin er öll á hendi bæjarins og það viðhald sem kemur inn í skólann eru minniháttar aðgerðir sem húsvörður sér um að koma í framkvæmd. Allar stærri aðgerðir fara í gegnum bæinn. Það eru gerðar úttektir á skólalóðinni tvisvar á ári, annars vegar frá BSÍ sem er löggild stofnun sem fer yfir alla þætti á skólalóðinni og svo senda þeir í kjölfarið úrbótaáætlun. Hins vegar kemur heilbrigðiseftirlitið einu sinni á ári til að taka út skólalóð varðandi slyshættur. Þeir skila líka inn skýrslu til bæjarins um úrbætur ef einhverjar eru. Þessar skýrslur rata ekki til skólastjórnenda heldur einungis beint til bæjaryfirvalda. Foreldrafélagið hefur reynt að fá upplýsingar um skýrslurnar en þær eru ekki aðgengilegar fyrir almenning.
- Skólaráði finnst undarlegt að skólastjórnendur sem bera ábyrgð á skólalóðinni hafi ekki aðgang að niðurstöðum úttekta af þessu tagi.
- Nýtt verkefni er nú í gangi á vegum bæjarins, þ.e. eignarsjóðs sem hugsað er til margra ára en í það verkefni er lögð ákveðin upphæð til verksins (30 milljónir) og það tekur yfir alla leik - og grunnskóla bæjarins. Ekki er vitað hver staðan er á þessu verkefni en

tilgangurinn er að skoða skólalóðirnar í sveitarfélaginu heildrænt þar sem horft er til ýmissa þátta s.s. yfirborðs lóðar, stærðar, fjölda leiktækja vs nemendafjölda, hönnunar o.fl

- Kom upp hugmynd frá foreldrafélaginu að fá hugmyndir frá starfsfólki skólans, hver væri þeirra drauma skólalóð. Eins að fá upplýsingar frá þeim varðandi hættur og hvernig mætti nýta skólalóðina betur.

### 3. Stofnun forvarnarteymis:

- Nýlega var stofnað forvarnarteymi innan skólans og er það skipað: Skólastjóra, deildarstjóra stoðþjónustu, námsráðgjafa, forstöðumanni frístundar, kennara, aðila frá félagsmiðstöð, skólahjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og aðila frá félagsþjónustunni/barnavernd.
- Næsta skref er kynningarfundur þriðjudaginn 1.febrúar fyrir öll teymi í Mosfellsbæ og í kjölfarið hefst vinnan.
- Framtíðarsýn og meginmarkmið forvarnarteymis er eftirfarandi: Um er að ræða markvissa kennslu á öllum skólastigum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Kennsla grundvallist á gagnreyndri þekkingu sem hæfi aldri og þroska nemenda. Inntak kennslunnar verði að meginstefnu þrjúþætt:
  - Almennar forvarnir sem stuðli að sterkri sjálfsmynd og þekkingu á mörkum og markaleysi, þar á meðal í samskiptum kynjanna, samskiptum milli fullorðinna og barna og í öðrum tilfellum þar sem valdamisræmi kann að vera fyrir hendi.
  - Fræðsla um kynheilbrigði og kynhegðun, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum.
  - Opinská umfjöllun um eðli og birtingarmyndir kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni.

### 4. Öryggisnefnd

- Öryggisnefnd (Erla Björnsdóttir iðjubjálfi sem leiðir starfið, Ásta Steina Jónsdóttir staðgengill skólastjóra, Ragnar Sveinsson húsvörður, Guðmundur Fannar Guðjónsson matreiðslumeistari og Kristín Anna Hassing smíðakennari skólans) hefur nú ásamt starfsfólki framkvæmt áhættumat, gert skýrslu sem skila skal til Vinnueftirlitsins. Úrbótaáætlun er langt komin og verður líklega lokið í þessari viku. Skýrslan og úrbótaáætlun með tímasettum verkefnum verður svo kynnt fyrir starfsfólki og ábendingum komið á framfæri ef ástæða er til að breyta t.d. forgangsröðun. Skýrsla verður einnig aðgengileg á vefsíðu skólans.
- Komum í raun ágætlega út úr áhættumatinu en þó eru ákveðnir þættir sem þarf að fara í.
- Farið sérstaklega í skólalóðina og hvað kom út þar en þar þarf t.d. að bæta bæði lýsingu og hálkuvarnir.

- Lísa nefnir einnig mikilvægi þess að girða skólalóðina betur af við bílastæði og fótboltavöll og tekur foreldrafélag undir það sérstaklega í ljósi þess að mikil umferð er á bílastæði allan daginn í tengslum við World Class.

#### 5. Lesfimi

- Fyrirlögn framlengd til 15.febrúar svo meiri möguleiki sé á að ná öllum nemendum en nokkur fjöldi nemenda hafa verið t.d. í sóttkví.
- Farið yfir stöðuna og við stöndum vel en enn á eftir að leggja fyrir einhverja hópa.

#### 6. Foreldraviðtöl

- Eru rafræn til að vernda skólastarfið út frá covid. Þau verða fimmtudaginn 3. febrúar.

#### 7. Þemadagar og afmæli skólans

- Að svo stöddu sjáum við ekki fyrir okkur að fara í þemadaga í febrúar en þeir áttu að vera í nóvember upphaflega. Tengja átti þemadaga við afmæli skólans.

#### 8. Símalaus skóli - áframhald á verkefninu

- Það verkefni tekur lengri tíma en áætlað var en við munum hefja næsta skólaráðsfund á þessu málefni.

Fundi slitið kl. 18:00

Fundarritari

Erla Björnsdóttir